

en orðið er þungt, og virðist ekki næg vanskil af hálfu stefnanda upplýst í þessu máli til að réttlæta það og þykir því rétt að ómerkja orðið.

Um orðið „sveitarómagi“ er það að segja, að það er nú ekki lengur lögheiti á styrkþegum hins opinbera og þykir særandi, og verður því nú að skoðast sem almennt skamm-aryrði. Skulu því orðin „sveitarómagi“ og „jafnþungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ“ dæmast dauð og ómerk, og greiði hrm. Garðar Þorsteinsson 25 króna sekt í ríkissjóð fyrir ósæmilegan rithátt.

Sökum langvarandi innflúenzu-lasleika dómarans hefir dómsuppsögn þessi dregið lengur en skyldi.

Því dæmist rétt vera:

Guðmundur Jónsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu, en lögmaðurinn í Reykjavík greiði honum persónulega kr. 97,50 í skaðabætur með 5% ársvöxtum frá 12. júlí f. á. til borgunardags, svo og málskostnað, kr. 110.00.

Ummælin um stefnanda, „jafn þungur sveitarómagi á Reykjavíkurbæ“ og „vanskilamaður og sveitarómagi“, skulu vera dauð og ómerk, og hrm. Garðar Þorsteinsson greiði 25 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1939.

Nr. 7/1939. **Sturla Jónsson og dánarbú Friðriks Jónssonar** (Theódór B. Lindal)
gegn

Helga Helgasyni

(Einar B. Guðmundsson).

Ágreiningur um, hvort kaupsamningur um hús hafi náð til tiltekins eldhúsbúnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. jan. þ. á. og krafist sýknu af kröf-

um stefnda í málinu og málskostnaðar af honum bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefir krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjendum fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hafa aðiljar komið sér saman um það, að verð eldhúsbúnaðar þess, er stefndi flutti burt úr húsinu nr. 11 við Laugaveg, eftir að hann hafi gefið áfrýjendum afsal fyrir því, sé hæfilega ákveðið kr. 627.00, eða jafnt kröfu stefnda á hendur áfrýjendum. Er krafa áfrýjenda um skuldajöfnuð nú eingöngu bundin við ofangreint andvirði hinna burtfluttu muna.

Stefndi hefir ekki sannað gegn mótmælum áfrýjenda, að umræddur eldhúsbúnaður hafi verið sérstaklega undanskilinn, er hann seldi áfrýjendum nefnda húseign. Það er venja, að slíkur eldhúsbúnaður fylgi húseignum við eignarskipti, sé ekki um annað samið, og hefir stefndi ekki sannað, að munum þeim, er í máli þessu greinir, hafi verið svo háttað, að ofangreind regla taki ekki til þeirra. Samkvæmt þessu ber að viðurkenna skuldajafnaðarheimild áfrýjenda og sýkna þá af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Sturla Jónsson og dánarbú Friðriks Jónssonar, skulu vera sýknir af kröfu stefnda, Helga Helgasonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. okt. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 29. marz 1938, af Helga Helgasyni, trésmið hér í bæ, gegn Sturlu Jónssyni og Friðrik Jónssyni, kaupmönnum, Laufásvegi 51 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 627.00 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Á meðan á rekstri máls þessa stóð hér fyrir réttinum, andaðist stefndur Friðrik, og hefir málinu síðan, að því er hann snertir, verið haldið áfram gegn dánarbúi hans.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dagsettu 1. júlí 1921, afsöluðu þeir Sturla og Friðrik Jónssynir, stefndir í máli þessu, stefnanda húseigninni nr. 11 við Laugaveg hér í bænum. Með afsali, dagsettu 9. maí 1936, afsalaði stefnandi eign þessari aftur til stefndu, er síðar með afsali, dagsettu 20. maí s. á., afsöluðu henni til Sigurliða Kristjánssonar og Valdemars Þórðarsonar, kaupmanna hér í bænum.

Þegar stefnandi afsalaði stefndum húseigninni, var svo umsamið, að gjöld af henni skyldu skiptast um 14. maí, og samkvæmt framlögðu uppgjöri yfir gjöldin telur stefnandi, að stefndum beri að greiða sér hina umstefndu upphæð, en hún er mismunur þeirra upphæða, er stefnandi hafði greitt fyrirfram frá 14. maí að telja, og þeirra upphæða, er hann átti vangreiddar til sama tíma að telja, þ. á. m. vaxta af áhvilandi láni.

Stefndir hafa viðurkennt þessa kröfu stefnanda rétta, en byggja hinsvegar sýknukröfuna á því, að þeir eigi hærri kröfu á hendur honum, er þeir krefjast, að tekin verði til greina til skuldajafnaðar við stefnukröfuna.

Sundurgreinist stefnukrafan þannig: 1) gjöld, er þeir hafi umfram skyldu greitt af húseigninni nr. 7 við Þórs götu kr. 115.88, 2) andvirði „innréttingar“ og skáps úr eldhúsum að Laugavegi 11 og verðmismunar vasks, er stefnandi hafi heimildarlaust tekið úr húsinu nr. 11 við Laugaveg, og annars, er hann hafi sett í staðinn, samt. kr. 771.00.

Um 1. Þegar stefnandi afsalaði stefndum húseign-

inni nr. 11 við Laugaveg, fékk hann hana m. a. greidda með húseigninni nr. 7 við Þórsgötu, og var svo um samið, að gjöld öll af þeirri eign skyldu einnig skiptast um 14. maí, og er viðurkennt í málinu, að stefndir höfðu þá greitt hérgreinda upphæð fyrirfram í ýmsum gjöldum. Hinsvegar krefst stefnandi sýknu af þessum lið gagnkröfunnar, þaræð hann hafi greitt kr. 140.08 sem vexti og kostnað af veðdeildarláni af Þórsgötu 7, er á hafi verið fallið 14. maí og stefndum því borið að greiða. Og þar sem telja verður, að þessi staðhæfing stefnanda sé sönnuð í málinu, verður þessi liður gagnkröfunnar ekki tekinn til greina.

Um 2. Eftir að stefnandi afsalaði stefndum húseigninni nr. 11 við Laugaveg, tók hann þaðan úr tveimur eldhúsum eina „innréttingu“, einn skáp og einn stóran vask, en setti minni í staðinn. Telja stefndir, að þetta hafi verið alveg óheimilt, en andvirði og verðmismun muna þessara telja þeir nema hérgreindri upphæð, en munirnir hafa þó hvorki verið metnir né þessi staðhæfing um verðmæti þeirra tekin gild af stefnanda.

Stefnandi viðurkennir að hafa tekið muni þessa, en telur, að sér hafi verið það heimilt, vegna þess að þeir hafi verið undanskildir, þegar hann seldi stefndum eignina. En þótt þetta yrði ekki talið sannað, telur stefnandi, að samt beri að sýkna sig af þessum lið gagnkröfunnar vegna þess, að ekkert af því, sem hann tók hafi verið þannig lagað fylgifé með húsinu, að sér hafi verið óheimilt að taka það.

Rétturinn lítur svo á, að ekki sé sannað í málinu, að umræddir munir hafi verið sérstaklega undanskildir við söluna á Laugavegi 11, og kemur því síðari málsástæða stefnanda til álita, en að því er hana snertir, verður að telja, að sönnunarbyrðin fyrir því, hvort umræddir munir hafi verið þannig lagað fylgifé með húsinu, að óheimilt væri að taka þá án sérstaks áskilnaðar, hvíli á stefndum.

Ekki liggur fyrir í máli þessu nein lýsing á hér um ræddum munum: „innréttingunni“, skápnum og vöskunum og verður alls ekki séð, hvort „innréttingin“ og skápurinn hafa í sjálfu sér verið þannig, eða í þannig löguðu sambandi við húsið, að þau almennt yrðu talin fylgifé þess, né heldur liggur fyrir nein slík lýsing á vöskunum, að unnt sé að gera sér grein fyrir, hvort stefnanda hafi

verið óheimilt að láta nýjan í stað hins gamla, eins og hann gerði.

Að þessu athuguðu verður að telja, að stefndum hafi ekki tekizt að sanna eða jafnvel að gera líklegt, að þeir eigi nokkra kröfu á hendur stefnanda útaf því, að hann tók umrædda muni úr húsinu, og verður þessi liður gagn-kröfunnar því heldur ekki tekinn til greina.

Verða málalok því þau, að stefndir verða dæmdir til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð, en gegn mót-mælum stefndu verða vextir ekki tildæmdir hærri en 5% p. a. og ekki fyrr en frá sáttakærudegi. Þá verður og að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 140.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Sturla Jónsson og dánarbú Friðriks Jónssonar, greiði stefnandanum, Helga Helgasyni, kr. 627.00 með 5% ársvöxtum frá 21. janúar 1937 til greiðsludags og kr. 140.00 í málskostnað innan 15 daga frá lög-birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1939.

Nr. 38/1939. Brandur Bjarnason

gegn

Hildi Hjálmarsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Er mál þetta var þingfest þann 31. maí þ. á., var mætt af hálfu áfrýjanda, er fékk frest til október-mánaðar þ. á. Þann 30. október fékk hann fram-haldsfrest til nóvembermánaðar. Er málið féll í rétt í dag, var ekki mætt af hálfu áfrýjanda.

Stefnda hefir fengið gjafvarnarleyfi 24. ágúst þ. á. og sér skipaðan talsmann, hæstaréttarmálflutnings-mann Garðar Þorsteinsson. Krefst hann ómaksbóta